



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu  
Hlíðasmári 1  
201 Kópavogur

Reykjavík, 5. maí 2026  
MSS25040035

## Umsögn um rekstrarleyfi - Bergþórugata 1, Bergþórugata 1, F2008131

Borist hefur umsagnarbeiðni embættis sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um eftirfarandi umsókn um rekstrarleyfi á grundvelli 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr.85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

*Bergþórugata 1, Bergþórugata 1, F2008131*

*Umsækjandi: Indra ehf., kt. 670701-2710.*

Gististaðurinn er í umsókn skilgreindur í flokki II skv. 4. gr. laga nr. 85/2007 (Gististaður án veitinga). Tegund: minna gistiheimili. Um er að ræða nýtt leyfi. Gestafjöldi 8

### Umsögn:

**Skrifstofa borgarstjórnar:** Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað og í umsögn segir: Húsið á lóð nr. 1 við Bergþórugötu er steinsteypt íbúðarhúsnæði á tveimur hæðum auk rishæðar, byggt árið 1924 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á veitingu rekstrarleyfis fyrir gististaðinn Bergþórugata 1, í flokki II – C Minna gistiheimili, í húsinu við Bergþórugötu 1, fnr. F2008131, rýmisnr. 01-0201. Hámarksfjöldi gesta eru 8 manns. Gististaðir í flokki II eru skilgreindir sem gististaðir án veitinga. Um minni gistiheimili segir í reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald: Minna gistiheimili: Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 5 eða færri herbergi eða hefur rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gerð krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er lóðin og byggingin við Bergþórugötu 1 hornhús í íbúðarbyggð þar sem inngangur hússins snýr að aðalgötu. Meðfram aðalgötum er heimil fjölbreyttari landnotkun, þó grunn skilgreining lóða sé íbúðarbyggð samkvæmt þéttbýlisupprætti. Um aðalgötur segir í aðalskipulagi: Meðfram aðalgötum (sjá Mynd 2) er heimil fjölbreyttari landnotkun, þó grunnskilgreining lóða sé íbúðarbyggð samkvæmt þéttbýlisupprætti. Hér er einkum um að ræða starfsemi sem fellur undir flokkana verslun og þjónusta (VP, að skemmtistöðum undanskildum) og samfélagsþjónusta (S). Verslun og þjónusta á jarðhæðum getur verið heimil, svo og mögulega veitingastaðir í flokki I og II og gististaðir í flokki II–III. Opnunartími veitingastaða er til allt að 01.00 um helgar/ frídaga (sjá kafla 19.3). Breytt notkun, vegna opunar veitingastaðar, í fjöleignarhúsi getur verið háð samþykki meðeigenda, sbr. ákvæði laga um fjöleignarhús. Ekki er heimilt að breyta eldra verslunar- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð í gististað. Breytt notkun íbúðarhúsnæðis, vegna gististarfsemi í flokki II og III, getur verið háð samþykki meðeigenda í viðkomandi stigagangi í fjöleignarhúsi. Umfang gististarfsemi við aðalgötur skal miðast við Minni gistiheimili, sbr. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Rýmri heimildir um landnotkun gilda eingöngu um hús sem standa við viðkomandi aðalgötu, hér með talin hornhús sem hafa mögulega lóðanúmer við hliðargötu\* og ná einkum til jarðhæða þegar um verslun, þjónustu og veitingastaði er að ræða. Þar sem aðalgötur liggja í jaðri annarra landnotkunarsvæða, t.d. miðsvæða, þar sem gilda víðari heimildir um starfsemi, eru heimildir viðkomandi landnotkunarsvæðis ráðandi við þá hlið götunnar. Ef heimildir eru þrengri á aðlægu landnotkunarsvæði gilda aðalgötuheimildirnar nema annað hafi verið ákveðið í deiliskipulagi. Í hverfis- eða deiliskipulagi verði sett nánari ákvæði um



Reykjavík



starfsemi við aðalgötur, m.a. mögulegar takmarkanir á starfsemi, eftir því sem þurfa þykir. Í breytingu á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, sem samþykkt var með birtingu í A-deild Lögbirtingablaðsins þann 23. maí 2024, segir að öll rekstrarleyfisskyld gististarfsemi innan þéttbýlis skuli vera í samþykktu atvinnuhúsnæði. Að auki sé tilgreint á aðaluppdráttum að húsnæði tilheyri notkunarflokki 4 skv. byggingarreglugerð. Í kafla 1.3 Íbúðasvæði/jaðarsvæði í skipulagsgreinargerð með deiliskipulagi fyrir stgr. 1.190.2. segir: Núverandi íbúðahúsnæði og íbúðalóðum ber að halda sem slíkum nema í þeim undantekningartilvikum þar sem aðstæður mæla gegn því, svo sem: a. verulegur kostnaður b. breyting á notkun nauðsynleg til að tryggja byggingarlistar- og sögulegt gildi c. breyting á notkun styðji við íbúðareinkenni svæðisins s.s. "kaupmaðurinn á horninu d. fella þarf húsnæði eða lóð að umfangsmikilli enduruppbyggingu í samræmi við gildandi skipulag Sporna skal við atvinnuhúsnæði sem fyrir er á íbúðasvæðum vaxi að umfangi þannig að það skaði umhverfi íbúa og gæði þess. Á jaðri íbúðasvæða og miðborgar er heimilt að breyta notkun íbúðarhúsnæðis í verslunarhúsnæði (notkunarflokkar A1 og A2, sjá. fskj. nr. 2) eða stækka slíkt húsnæði, í samræmi við deiliskipulagsáætlun, ef fullnægjandi þjónusta er tryggð, ekki um að ræða lóð sem úthlutað hefur verið til annarra nota og sýnt er fram á að notkunin hafi ekki neikvæð áhrif á nýtingu nálægra bygginga og lóða. Notkun húsnæðis undir léttan iðnað, skrifstofur eða ámóta (notkunarflokkar B1 og B2, sjá fskj. nr. 1) skal ekki leyfð ef hætta er á stöðugu ónæði fyrir íbúa eða verulegri aukningu á umferð. Þar sem að öll rekstrarleyfisskyld gististarfsemi innan þéttbýlis skal vera í samþykktu atvinnuhúsnæði en húsið við Bergþórugötu 1 er íbúðahúsnæði er tekið neikvætt í erindið. Þá kemur skýrt fram í skipulagsgreinargerð deiliskipulags að núverandi íbúðahúsnæði á svæðinu ber að halda sem slíkum. Niðurstaða: Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis fyrir gististaðinn Bergþórugata 1, í flokki II – C Minna gistiheimili, í húsinu við Bergþórugötu 1, fnr. F2008131, rýmisnr. 01-0201, þar sem það samræmist ekki gildandi deiliskipulagi sbr. umsögn.

Því er staðfest að umsóknin er ekki innan þeirra marka sem reglur og skipulag Reykjavíkurborgar segja til um, sbr. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsögnin er því neikvæð með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Umsögn þessi er veitt í umboði borgarráðs skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Eiríkur Búi Halldórsson

e.u.



Reykjavík



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu  
Hlíðasmári 1  
201 Kópavogur

Reykjavík, 4. maí 2026  
MSS26030081

## Umsögn um rekstrarleyfi - Dee Dee ehf., Langirimi 21-23

Borist hefur umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um eftirfarandi umsókn um rekstrarleyfi á grundvelli 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr.85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

*Dee Dee ehf., Langirimi 21-23*

*Umsækjandi, kennitala.*

Veitingastaðurinn er í umsókn skilgreindur í flokki II skv. 4. gr. laga nr. 85/2007 (umfangslítill áfengisveitingastaður). Tegund: Veitingahús. Um er að ræða nýtt leyfi. Veitingatími áfengis frá kl. 11:00 til 22:00 virka daga, til 23:00 aðfaranætur frídaga daga. Útveitingar til kl. 20:00. Gestafjöldi 26 gestir, 10 í útveitingum.

### Umsögn:

**Skrifstofa borgarstjórnar:** Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað og í umsögn segir: Húsin á lóð nr. 21 – 23 við Langarima eru verslunar- og skrifstofuhúsnæði á tveimur hæðum auk kjallara sem saman mynda hverfiskjarna fyrir svæðið. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastaðinn Dee Dee ehf., í flokki II – A Veitingahús, í húsinu við Langarima 21-23, fasteignanr. F2228703, rýmismnr. 01-0104, með afgreiðslutíma áfengisveitinga frá kl. 11:00 – 22:00 virka daga og frá kl. 11:00 – 23:00 aðfaranæturfrídaga. Einnig er sótt um afgreiðslutíma útveitinga frá kl. 11:00 – 20:00 alla daga. Hámarksfjöldi gesta er 26 manns í veitingarými. Um verslunar- og þjónustusvæði (VP) segir í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040: Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum (gr. 6.2.c. í skipulagsreglugerð). Á verslunar- og þjónustusvæðum í Reykjavík er einkum gert ráð fyrir fjölbættri verslun og þjónustu og veitingastöðum auk þrifalegrar atvinnustarfsemi. Veitinga- og skemmtistaðir í flokki III eru almennt ekki heimilir og ekki gististaðir í flokki IV. Matvöruverslanir eru heimilar á verslunar- og þjónustusvæðum sem skilgreind eru sem hverfiskjarni eða nærþjónustukjarni. Samfélagsþjónusta er almennt heimil. Íbúðir eru almennt heimilar, einkum á efri hæðum bygginga, nema annað sé tekið fram í nánari skilgreiningu. Í aðalskipulaginu eru skilgreindar sérstaklega mismunandi gerðir kjarna sem þjóna íbúðarhverfum og þar sem staðsetning matvöruverslana er í forgangi, sjá nánar kafla 19.5. Sjá einnig Mynd 2 varðandi staðsetningu allra nærþjónustukjarna og um borgarhlutakjarna í kafla 6 um miðsvæði M11–16, M26, M31. Nánari stefna um landnotkun, starfsemi og þéttleika á verslunar- og þjónustusvæðum er ákveðin í hverfisog/eða deiliskipulagi. Við ákvarðanir um þéttleika verði almennt tekið mið af yfirbragði nærliggjandi byggðar og eðli þeirrar starfsemi sem fer fram. Þar sem íbúðarbyggð er heimil á verslunar- og þjónustusvæðum skal taka mið af ákvæðum sem koma fram í köflum 3.6.1.– 3.6.3. Þá segir m.a. um hverfiskjarna í aðalskipulagi: Kjarni með stærri matvöruverslunum og fjölbreyttri verslun og þjónustu sem þjónar heilu hverfi. Veitingastaðir í flokki I og II eru heimilir í hverfiskjörnum, svo og gististaðir í flokki I–III. Veitingastaðir í flokki III geta verið heimilir samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi eða hverfisskipulagi. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum bygginga. Samfélagsþjónusta er heimil auk þrifalegrar atvinnustarfsemi. Í málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitingastaði og gististaði segir m.a. um



Reykjavík



afgreiðslutíma áfengisveitinga utan íbúðasvæða: Í miðborg, á miðsvæðum, á hafnarsvæði H2 í Örfirisey (sbr. mynd 6 í kafla um hafnarsvæði í AR) og athafnasvæðum má heimila veitingatíma áfengis frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga, þó til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Heimilt er að takmarka veitingatíma frekar en kemur fram í 1. mgr., s.s. ef veitingastaður er umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð. Ef telja verður að starfsemi áfengisveitingastaðar falli ekki að nálægri byggð er heimilt að synja um rekstrarleyfi. Um útiveitingar segir í 8.gr. málsmeðferðarregla borgarráðs um veitingastaði og gististaði: Heimila má í rekstrarleyfi útiveitingar við veitingastað ef aðstæður leyfa. Skal það vera innan fyrirfram tilgreinds útiveitingasvæðis og skal þess gætt að ávallt sé rúm fyrir gangandi umferð framhjá svæðinu. Í rekstrarleyfi skal tilgreindur heimilaður útiveitingatími. Útiveitingar áfengis má almennt ekki heimila lengur en til kl. 22.00. Þó má heimila útiveitingar áfengis allt til kl. 23.30 á svæði sem merkt er með rýmri miðborgarheimildum á mynd 5 í landnotkunarkafla AR um flokkun svæða í miðborginni, svo og við sérstakar aðstæður, s.s. vegna mikillar fjarlægðar frá annari byggð. Leyfishafi skal sjá til þess að umgengni á og við útiveitingasvæði sé góð og ber honum að þrifa svæðið og næsta nágrenni þess þegar þörf er á og ávallt þegar útiveitingatíma lýkur hverju sinni. Niðurstaða Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastaðinn Dee Dee ehf., í flokki II – A Veitingahús, í húsinu við Langaríma 21-23, fasteignanr. F2228703, rýmisnr. 01-0104, með afgreiðslutíma áfengisveitinga frá kl. 11:00 – 22:00 virka daga og frá kl. 11:00 – 23:00 aðfaranæturfrídaga. Sömuleiðis eru ekki gerðar athugasemdir við afgreiðslutíma útiveitinga frá kl. 11:00 – 20:00 alla daga þar sem það samræmist aðalskipulagi.

**Byggingarfulltrúi:** Neikvæð umsögn byggingarfulltrúa er varðar rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, A – Veitingahús, Fnr. F2228703, rýmisnr. 01-0104, kt. 410925-0360, Langirími 21-23, 112, Reykjavík. Líkt og segir í umsögn byggingarfulltrúa á samþykkttri notkun húsnæðis dags. 22. desember 2025 er húsnæðið samþykkt sem veitingastaður í flokki I samkvæmt samþykktum aðaluppdráttum dags. 12.05.2015 (BN047098) og því ekki hægt að fallast á að veita jákvæða umsögn byggingarfulltrúa vegna rekstrarleyfis fyrir veitingastað í flokki II. Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir breytttri notkun.

Því er staðfest að umsóknin er ekki innan þeirra marka sem reglur og skipulag Reykjavíkurborgar segja til um, sbr. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsögnin er því neikvæð með vísan til umsagnar byggingarfulltrúa.

Umsögn þessi er veitt í umboði borgarráðs skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskög borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Eiríkur Búi Halldórsson

e.u.



Reykjavík



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu  
Hlíðasmári 1  
201 Kópavogur

Reykjavík, 29. apríl 2026  
MSS26040002

## Umsögn um tækifærisleyfi - Fjölskylduskemmtun, Whales of Iceland, Fiskislóð 23-25, 1. maí

Borist hefur umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um eftirfarandi umsókn um tækifærisleyfi á grundvelli 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

*Fjölskylduskemmtun, Whales of Iceland, Fiskislóð 23-25, 1. maí*

*Umsækjandi: Whales of Iceland ehf., kt. 640114-0530.*

Sótt er um tækifærisleyfi þann 1. maí frá kl. 15:00 til 17:00 í tilefni fjölskylduskemmtunar sem haldið verður 1. maí. Gestafjöldi er 600.

### Umsögn:

**Skrifstofa borgarstjórnar:** Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað og í umsögn segir: Húsið á lóð nr. 23-25 við Fiskislóð, F2310621, er skráð verslun í fasteignaskrá en Hvalasafn Reykjavíkur er þar til húsa. Húsið var byggt árið 2008. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á veitingu tækifærisleyfis þann 1. maí 2026 frá kl. 15:00 til kl. 17:00. Tilefni skemmtanahalds er fjölskylduskemmtun. Áætlaður gestafjöldi er 600 manns. Í aðalskipulagi segir um H2: Gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi og starfsemi sem almennt fellur undir skilgreiningu athafnasvæða, sbr. skipulagsreglugerð. Fjölbreyttari landnotkun er þó heimil við Fiskislóð og Grandagarð, samkvæmt ákvörðun þar um í deiliskipulagi, s.s. verslun, þjónusta og fínlegri atvinnustarfsemi. Gististaðir í flokki II og III geta verið heimilir, sbr. ákvörðun í deiliskipulagi. Ekki er heimilt að opna nýjar matvöruverslanir á ofangreindum svæðum. Ekki er gert ráð fyrir stækkun/fjölgun matvöruverslana (stórmarkaða) og skal slík starfsemi vera víkjandi á svæðinu. Niðurstaða: Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu tækifærisleyfis til áfengisveitinga vegna sitjandi borðhalds í húsinu við Fiskislóð 23-25, F2310621, þann 1. maí 2026 frá kl. 15:00 til kl. 17:00 þar sem það samræmist aðalskipulagi.

**Byggingarfulltrúi:** Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að gefið verði út tækifærisleyfi fyrir 600 manns í tilefni af fjölskylduskemmtun, sem haldin verður þann 1. maí 2026 frá kl. 15:00 til kl. 17:00 í Hvalasafninu – Whales of Iceland, að Fiskislóð 23-25, 101 Reykjavík, með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðiseftirlitinu. Hvað varðar opnunartíma er vísað til skrifstofu borgarstjórna – byggingarfulltrúi gefur ekki umsögn um opnunartíma.

**Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins:** Slökkviliðið fellst á að ofangreint leyfi verði veitt enda eru eldvarnir í viðunandi lagi miðað við 600 manns. Mál metið án skoðunar þar sem staðhættir eru þekktir.

**Heilbrigðiseftirlit:** Það staðfestist hér með að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) veitir jákvæða umsögn vegna umsóknar Whales of Iceland ehf (kt: 640114-0530) um tímabundið tækifærisleyfi 01.05.2026 kl. 15:00 til kl. 17:00 í tilefni af fjölskylduhátíð sem haldin verður í Whales of Iceland, Fiskislóð 23-25, 101 Reykjavík. með eftirfarandi skilyrðum: Að ákvæðum laga nr 7/1998 um hollustuhætti og laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim séu virt. Að ákvæði tóbaksvarnarlaga nr. 6/2002 og reglugerðar nr. 326/2007 sé virt. Að starfsfólk hafi gott aðgengi að sér búnings –og salernisaðstöðu. Matur komi frá fyrirtæki sem hefur



starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti. Starfsfólk sem vinnur við matvæli, skal hafa sér aðstöðu með áhaldavaski, handlaugum með tilheyrandi hreinlætisgögnum. ( fljótandi handsápu, gerileyði, og einnota handþurrkum). Að ákvæði reglugerðar nr. 903/ 2024 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða sé virt. Ekki er tekin afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð og varðandi það mál vísar HER á Byggingafulltrúann í Reykjavík.

Því er staðfest að umsóknin er innan þeirra marka sem reglur og skipulag Reykjavíkurborgar segja til um, sbr. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsögnin er því jákvæð.

Umsögn þessi er veitt í umboði borgarráðs skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Eiríkur Búi Halldórsson

e.u.





Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu  
Hlíðasmári 1  
201 Kópavogur

Reykjavík, 29. apríl 2026  
MSS26040077

## Umsögn um tækifærisleyfi - Landbúnaðarball, Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a. 6. maí

Borist hefur umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um eftirfarandi umsókn um tækifærisleyfi á grundvelli 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

*Landbúnaðarball, Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a. 6. maí*

*Umsækjandi: Skólafélag Menntaskólans við Sund, kt. 570489-1199*

Sótt er um tækifærisleyfi þann 6. maí frá kl. 22:00 til kl. 01:00 þann 7. maí í tilefni landbúnaðarballs sem haldið verður í Gamla bíó. Gestafjöldi er 500.

### Umsögn:

**Skrifstofa borgarstjórnar:** Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað og í umsögn segir: Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á veitingu tækifærisleyfis vegna Landbúnaðarballs Menntaskólans við Sund sem haldið verður þann 6. maí 2026 frá kl. 22:00 til kl. 01:00 aðfaranótt 7. maí 2026 í Gamla bíó, að Ingólfsstræti 2a. Áætlaður gestafjöldi 500 manns. Húsið á lóð nr. 2a við Ingólfsstræti er skráð sem leikhús í fasteignaskrá og hefur byggingin verið kölluð Gamla bíó frá árinu 1920. Húsið er hluti af miðborgarsvæði M1a – miðborgarkjarni. Gamla bíó er með gildandi rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III – B Skemmtistaður með afgreiðslutíma áfengisveitinga til kl. 01:00 alla daga. Í málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitingastaði og gististaði segir í 11. gr. um skóladansleiki: Skóladansleikur eða skemmtun fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára á veitingastað sem leyfi hefur til sölu áfengra veitinga telst ávallt breyting á skilmálum rekstrarleyfis og skal sækja um slíka breytingu eigi síðar en viku fyrir hinn fyrirhugaða dansleik eða skemmtun. Fer um slíka umsókn sem um tækifærisleyfi væri að ræða og gilda um hana sömu skilyrði. Skóladansleikir mega ekki standa lengur en til kl. 01.00 alla daga. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur borgarráð ákveðið að veita jákvæða umsögn um að einn skóladansleikur hvers framhaldsskóla á almanaksári fái að standa til kl. 02.00 ef veitingastaður er ekki umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð. Þá segir m.a. í 15. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald um dvöl ungmenna á veitingastöðum: Fari skóladansleikir eða aðrar skemmtanir og uppákomur á vegum skóla, íþróttafélaga, æskulýðsfélaga og annarra viðurkenndra félaga ungmenna fram á veitingastað sem hefur leyfi til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára þó heimil þar dvöl eftir kl. 22 að kvöldi fram til loka viðkomandi viðburðar enda fari engar áfengisveitingar þar fram á sama tíma. Niðurstaða Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu tækifærisleyfis vegna Landbúnaðarballs Menntaskólans við Sund sem haldið verður þann 6. maí 2026 frá kl. 22:00 til kl. 01:00 aðfaranótt 7. maí 2026 í Gamla bíó, að Ingólfsstræti 2a.

**Byggingarfulltrúi:** Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að gefið verði út tækifærisleyfi fyrir 500 manns í tilefni af Landbúnaðarballi Menntaskólans við Sund, sem haldið verður þann 6. maí 2026 frá kl. 22:00 til kl. 01:00 aðfaranótt 7. maí 2026 í Gamla bíó, að Ingólfsstræti 2a, 101 Reykjavík, með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðiseftirlitinu. Hvað varðar opnunartíma er vísað til skrifstofu borgarstjórna – byggingarfulltrúi gefur ekki umsögn um opnunartíma.



Reykjavík



**Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins:** Slökkviliðið fellst á að ofangreint leyfi verði veitt enda eru eldvarnir í viðunandi lagi miðað við 500 manns. Mál metið án skoðunar þar sem staðhættir eru þekktir.

**Heilbrigðiseftirlit:** Það staðfestist hér með að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) veitir jákvæða umsögn vegna umsóknar Skólafélags Menntaskólans v/Sund (570489-1199) um tækifærisleyfi þann 06.05.2026 kl. 22:00 til 07.05.2026 kl. 01:00. í tilefni af skóladansleik sem haldinn verður í Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a, 101 Reykjavík. með eftirfarandi skilyrðum: Að ákvæðum laga nr 7/1998 um hollustuhætti sé virt. Að ákvæði tóbaksvarnarlaga nr. 6/2002 sé virt. Að ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða sé virt. Að við slit skemmtunar skal takmarka ónæði eins og hægt er með því að leysa upp hópamyndun og mæla fyrir um að gestir haldi beint heim að skemmtun lokinni. Ekki er tekin afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð og varðandi það mál vísar HER á Byggingafulltrúann í Reykjavík.

Því er staðfest að umsóknin er innan þeirra marka sem reglur og skipulag Reykjavíkurborgar segja til um, sbr. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsögnin er því jákvæð.

Umsögn þessi er veitt í umboði borgarráðs skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Eiríkur Búi Halldórsson  
e.u.



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu  
Hlíðasmári 1  
201 Kópavogur

Reykjavík, 29. apríl 2026  
MSS26040062

## Umsögn um tækifærisleyfi - Peysufataball, Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a, 4. maí

Borist hefur umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um eftirfarandi umsókn um tækifærisleyfi á grundvelli 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

*Peysufataball, Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a, 4. maí*

*Umsækjandi: Verzlunarskóli Íslands ses., kt. 690269-1399.*

Sótt er um tækifærisleyfi þann 4. maí frá kl. 22:00 til 01.00 þann 5. maí í tilefni Peysufataballs sem haldið verður í Gamla bíó. Gestafjöldi er 334.

### Umsögn:

**Skrifstofa borgarstjórnar:** Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað og í umsögn segir: Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á veitingu tækifærisleyfis í tilefni af Peysufataballi 2. árs nemenda Verzlunarskóla Íslands, sem haldið verður þann 4. maí 2026 frá kl. 22:00 til kl. 01:00 aðfaranótt 5. maí 2026. Áætlaður gestafjöldi er 334 manns. Húsið á lóð nr. 2a við Ingólfsstræti er skráð sem leikhús í fasteignaskrá og hefur byggingin verið kölluð Gamla bíó frá árinu 1920. Húsið er hluti af miðborgarsvæði M1a – miðborgarkjarni. Gamla bíó er með gildandi rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III – B Skemmtistaður með afgreiðslutíma áfengisveitinga til kl. 01:00 alla daga. Í málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitingastaði og gististaði segir í 11. gr. um skóladansleiki: Skóladansleikur eða skemmtun fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára á veitingastað sem leyfi hefur til sölu áfengra veitinga telst ávallt breyting á skilmálum rekstrarleyfis og skal sækja um slíka breytingu eigi síðar en viku fyrir hinn fyrirhugaða dansleik eða skemmtun. Fer um slíka umsókn sem um tækifærisleyfi væri að ræða og gilda um hana sömu skilyrði. Skóladansleikir mega ekki standa lengur en til kl. 01.00 alla daga. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur borgarráð ákveðið að veita jákvæða umsögn um að einn skóladansleikur hvers framhaldsskóla á almanaksári fái að standa til kl. 02.00 ef veitingastaður er ekki umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð. Þá segir m.a. í 15. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald um dvöl ungmenna á veitingastöðum: Fari skóladansleikir eða aðrar skemmtanir og uppákomur á vegum skóla, íþróttafélaga, æskulýðsfélaga og annarra viðurkenndra félaga ungmenna fram á veitingastað sem hefur leyfi til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára þó heimil þar dvöl eftir kl. 22 að kvöldi fram til loka viðkomandi viðburðar enda fari engar áfengisveitingar þar fram á sama tíma. Niðurstaða Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu tækifærisleyfis í tilefni af Peysufataballi 2. árs nemenda Verzlunarskóla Íslands, sem haldið verður þann 4. maí 2026 frá kl. 22:00 til kl. 01:00 aðfaranótt 5. maí 2026.

**Byggingarfulltrúi:** Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að gefið verði út tækifærisleyfi fyrir 334 manns í tilefni af Peysufataballi 2. árs nemenda Verzlunarskóla Íslands, sem haldið verður þann 4. maí 2026 frá kl. 22:00 til kl. 01:00 aðfaranótt 5. maí 2026 í Gamla bíó, að Ingólfsstræti 2a, 101 Reykjavík, með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðiseftirlitinu. Hvað varðar opnunartíma er vísað til skrifstofu borgarstjórna – byggingarfulltrúi gefur ekki umsögn um opnunartíma.



Reykjavík



**Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins:** Slökkviliðið fellst á að ofangreint leyfi verði veitt enda eru eldvarnir í viðunandi lagi miðað við 334 manns. Mál metið án skoðunar þar sem staðhættir eru þekktir.

**Heilbrigðiseftirlit:** Það staðfestist hér með að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) veitir jákvæða umsögn vegna umsóknar Verzlunarskóla Íslands ses (kt 690269-1399) um tækifærisleyfi 04.05.2026 kl. 22:00 til 05.05.2026 kl. 01:00. Í tilefni af skóladansleik sem haldinn verður í Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a, 101 Reykjavík. með eftirfarandi skilyrðum: Að ákvæðum laga nr 7/1998 um hollustuhætti sé virt. Að ákvæði tóbaksvarnarlaga nr. 6/2002 sé virt. Að ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða sé virt. Að við slit skemmtunar skal takmarka ónæði eins og hægt er með því að leysa upp hópamyndun og mæla fyrir um að gestir haldi beint heim að skemmtun lokinni. Ekki er tekin afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð og varðandi það mál vísar HER á Byggingafulltrúann í Reykjavík.

Því er staðfest að umsóknin er innan þeirra marka sem reglur og skipulag Reykjavíkurborgar segja til um, sbr. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsögnin er því jákvæð.

Umsögn þessi er veitt í umboði borgarráðs skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Eiríkur Búi Halldórsson

e.u.



Reykjavík



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu  
Hlíðasmári 1  
201 Kópavogur

Reykjavík, 4. maí 2026  
MSS26040003

## Umsögn um tækifærisleyfi til áfengisveitinga - Sitjandi borðhald, Whales of Iceland, Fiskislóð 23-25, 9. maí

Borist hefur umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um eftirfarandi umsókn um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á grundvelli 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

*Sitjandi borðhald, Whales of Iceland, Fiskislóð 23-25, 9. maí*

*Umsækjandi: Whales of Iceland ehf., kt. 640114-0530.*

Sótt er um tækifærisleyfi til áfengisveitinga þann 9. maí frá kl. 18:00 til 22:00 í tilefni sitjandi borðhalds sem haldið verður í Whales of Iceland. Gestafjöldi er 60.

### Umsögn:

**Skrifstofa borgarstjórnar:** Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað og í umsögn segir: Húsið á lóð nr. 23-25 við Fiskislóð, F2310621, er skráð verslun í fasteignaskrá en Hvalasafn Reykjavíkur er þar til húsa. Húsið var byggt árið 2008. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á veitingu tækifærisleyfis til áfengisveitinga þann 9. maí 2026 frá kl. 18:00 til kl. 22:00. Tilefni skemmtanahalds er sitjandi borðhald. Áætlaður gestafjöldi er 60 manns. Í aðalskipulagi segir um H2: Gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi og starfsemi sem almennt fellur undir skilgreiningu athafnasvæða, sbr. skipulagsreglugerð. Fjölbreyttari landnotkun er þó heimil við Fiskislóð og Grandagarð, samkvæmt ákvörðun þar um í deiliskipulagi, s.s. verslun, þjónusta og finlegri atvinnustarfsemi. Gististaðir í flokki II og III geta verið heimilir, sbr. ákvörðun í deiliskipulagi. Ekki er heimilt að opna nýjar matvöruverslanir á ofangreindum svæðum. Ekki er gert ráð fyrir stækkun/fjölgun matvöruverslana (stórmarkaða) og skal slík starfsemi vera víkjandi á svæðinu. Í málsmeðferðarreglum borgarráðs vegna veitingastaða og gististaða sem og í aðalskipulagi er heimilaður afgreiðslutími áfengisveitinga á hafnarsvæðum frá kl. 11:00 til kl. 01:00 alla daga. Niðurstaða Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu tækifærisleyfis til áfengisveitinga þann 9. maí 2026 frá kl. 18:00 til kl. 22:00 í tilefni sitjandi borðhalds.

**Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins:** Slökkviliðið fellst á að ofangreint leyfi verði veitt enda eru eldvarnir í viðunandi lagi miðað við 60 manns. Í lagi.

**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur:** Það staðfestist hér með að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) veitir jákvæða umsögn vegna umsóknar Whales of Iceland (kt: 640114-0530) um tímabundið áfengisleyfi þann 09.05.2026 kl. 18:00 til kl. 22:00 í tilefni af kvöldverði sem haldin verður í Whales of Iceland, Fiskislóð 23-25, 101 Reykjavík. með eftirfarandi skilyrðum: Að ákvæðum laga nr 7/1998 um hollustuhætti og laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim séu virt. Að ákvæði tóbaksvarnarlaga nr. 6/2002 og reglugerðar nr. 326/2007 sé virt. Að ákvæði reglugerðar nr. 903/ 2024 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða sé virt. Að starfsfólk hafi gott aðgengi að sér búnings –og salernisaðstöðu. Matur komi frá fyrirtæki sem hefur starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti. Starfsfólk sem vinnur við matvæli, skal hafa sér aðstöðu með áhaldavaski, handlaugum með tilheyrandi hreinlætisgögnum. ( fljótandi handsápu, gerileyði, og einnota handþurrkum). Ekki er tekin



Reykjavík



afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð og varðandi það mál vísar HER á Byggingafulltrúann í Reykjavík.

**Byggingarfulltrúi:** Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að gefið verði út tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi fyrir 60 manns í tilefni af sitjandi borðhaldi, sem haldið verður þann 9. maí 2026 frá kl. 18:00 til kl. 22:00 í Hvalasafninu – Whales of Iceland, að Fiskislóð 23-25, 101 Reykjavík, með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðiseftirlitinu. Hvað varðar opnunartíma er vísað til skrifstofu borgarstjórna – byggingarfulltrúi gefur ekki umsögn um opnunartíma.

Því er staðfest að umsóknin er innan þeirra marka sem reglur og skipulag Reykjavíkurborgar segja til um, sbr. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsögnin er því jákvæð.

Umsögn þessi er veitt í umboði borgarráðs skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Eiríkur Búi Halldórsson

e.u.



Reykjavík